

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 431 — 5. mál.

2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (ÓBK, BN, BHar, ÓGunn, WPP).

1. Í stað „12. og 13. mgr.“ í 14. gr. komi: 13. og 14. mgr.
2. K-liður 15. gr. falli brott.
3. Í stað fjárhæðarinnar „980 kr.“ í efnismálgrein 26. gr. komi: 1.080 kr.
4. Við bætist tveir nýir kaflar, XX. kafli, **Breyting á lögum um tekjufallsstyrki**, nr. 118/2020, með tveimur nýjum greinum, 37. og 38. gr., og XXI. kafli, **Breyting á lögum um virðisaukaskatt**, nr. 50/1988, með síðari breytingum, með einni nýrri grein, 39. gr., svohljóðandi:
 - a. (37. gr.)
 2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Í stað þess að telja til rekstrarkostnaðar reiknað endurgjald fyrir tímabilið 1. apríl til 31. október 2020 er rekstraraðila heimilt að reikna til rekstrarkostnaðar á því tímabili fjárhæð sem nemur $\frac{7}{12}$ af gjaldfærðu reiknuðu endurgjaldi í skattframtali 2020 og miða mánaðarleg stöðugildi skv. 1. mgr. við stöðugildi þeirra sem reiknað var endurgjald fyrir í rekstrinum hlutfallslega miðað við starfstíma rekstrarins á árinu 2019. Hafi rekstraraðili eða þeir sem reiknað var endurgjald fyrir í rekstrinum fengið atvinnuleysisbætur fyrir tímabilið 1. apríl til 31. október 2020 dragast þær frá þannig reiknuðum rekstrarkostnaði.

- b. (38. gr.)

Í stað orðanna „þrátt fyrir 4. og 5. gr.“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: Þrátt fyrir 1., 4. og 5. gr.

- c. (39. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögunum:

- a. Í stað orðanna „og fyrstu sölu“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: fyrstu sölu og endursölu.
- b. Í stað orðanna „til og með 31. desember 2020“ í 1. tölul. 3. mgr. og 1. tölul. 5. mgr. kemur: 2020 til og með 31. desember 2021.
- c. 2. tölul. 3. mgr. og 2. tölul. 5. mgr. falla brott.

5. Við 37. gr.

- a. Í stað 1. og 2. mgr. komi ein ný málsgrein, svohljóðandi:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2021. Þó öðlast 37. og 38. gr. þegar gildi.

- b. 4. mgr. orðist svo:

Ákvæði 36. gr. tekur til skipta á dánarbúum þeirra sem andast 1. janúar 2021 eða síðar og búskipta þeirra sem hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laga þessara.